

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2014

Efni Umsögn um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um þátttöku íslenska ríkisins í kolvetnisstarfsemi, 9. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) Samtökin styðja að frumvarpið verði að lögum.

Með lögnum framkvæmdavaldinu veitt heimild til að stofna hlutafélag sem heldur utan um hlut íslenska ríkisins í kolvetnisstarfsemi. Félaginu er ætlað að annast þátttöku ríkisins í útgefnum kolvetnisleyfum innan og utan lögsögunnar. Því er einnig ætlað að annast réttindi og skyldur sem leyfishafi í samræmi við samstarfssamninga í hverju tilviki. Félaginu er óheimilt að starfa sem vinnslufyrirtæki.



Í Noregi starfar hlutafélagið Petoro AS á svipuðum grunni og þrátt fyrir að starfsmenn séu ekki mjög margir eru verðmætin sem höndlað er með gríðarleg. Þannig eru eignir félagsins 235 milljarðar norskra króna í árslok 2013, tekjurnar á árinu 194 milljarðar og rekstrarhagnaður 133 milljarðar norskra króna.

Ljóst er því að starfsemi íslenska hlutafélagsins getur orðið umfangsmikil og því er mikilvægt að skilgreina vel þær fjárhagslegu skuldbindingar sem félaginu er heimilt að taka á sig. Eins og kveðið er á um í frumvarpinu verður félagið að afla samþykkis ráðherra til að taka á sig lánaskuldbindingar eða aðrar fjárhagslegar ábyrgðir.

Nýting leyfa til olíu- og gasvinnslu er afar dýr og óvissu háð enda verða leyfishafar að greiða allan kostnað við leit og rannsóknir þ.m.t. boranir, svæðisgjöld, skatta og gjöld.

Samtökin telja mikilvægt að félaginu verði markaður fjárhagslegur rammi þannig að komi til þess að ætlaðar skuldbindingar fari yfir tiltekin mörk sé það ekki einungis framkvæmdavaldið sem fer með þá ákvörðun heldur komi löggjafinn að því líka, t.d. með þingsályktun.

Virðingarfyllt,


f.h. Samtaka atvinnulífsins
f.h. Samtaka iðnaðarins